



ENDURSKOÐUN
Jóhann Unnsteinsson
endurskoðandi hjá Ernst & Young

Kaup félaga á eigin hlutum



Félag löggiltra endurskoðenda

Heimildir til kaupa á eigin hlutum eru mismunandi eftir því hvort litið er til laga um einkahlutafélög eða laga um hlutafélög.

T

ilfni þessarar greinar eru óskýrar reglur um

heimildir félaga til kaupa á eigin hlutum. Heimildir til kaupa á eigin hlutum eru mismunandi eftir því hvort litið er til laga um einkahlutafélög eða laga um hlutafélög.

Í lögum um einkahlutafélög kemur fram að félag má aldrei eiga meira en 10% af eigin hlutafé lengur en í sex mánuði. Eignist félagið meira skal það hafa selt hluti þannig að lögmætu marki sé náð innan sex mánaða. Í sömu grein segir að kaup á eigin hlutum megi aðeins fjármagna úr frjálsum sjóðum félagsins.

Í lögum um hlutafélög er lagt bann við því að félög eignist meira en 10% hlutafjár í félaginu sjálfu. Í sömu grein kemur fram að félag getur aðeins eignast eigin hluti svo framarlega sem eigið fé þess fer fram úr þeirri fjárhæð sem óheimilt er að ráðstafa til úthlutunar á arði. Aðeins er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Undanþága er í lögnum að hlutafélag eignist eigin hluti við tiltekna aðstæður, t.d. sem þátt í að lækka hlutafé. Ekki er sambærileg undanþága í lögum um einkahlutafélög.

Það sem er óskýrt er tilvísun laganna í frjálsa sjóði. Ekki er skilgreining í lögnum á því hvað teljist frjálsir sjóðir. Undirritaður telur að frjálsir sjóðir í þessu sambandi séu eiginfjárreikningar sem heimilt sé að ráðstafa með frjálsum hætti til hluthafa. Eiginfjárreikningar verða til með þrennum hætti. Innborgað eigið fé frá eigendum, eiginfjárreikningar

sem verða til með færslu á aðra efnahagsliði (t.d. sérstakt endurmat eigna) og uppsafnaður hagnaður eða tap. Ákveðnar reglur gilda um lækkun hlutafjár, s.s. reglur um áskorun til kröfuhafa í Lögbirtingablaðinu. Hlutafé getur tæplega talist frjáls sjóður. Það er hins vegar óumdeilt að óráðstafað eigið fé er frjáls sjóður. Ljóst er að lögbundinn varasjóður, að því marki sem aðeins er lagt í hann af hagnaði miðað við lágmarkskröfu laganna, er ekki frjáls sjóður. Það sem er hins vegar ekki ljóst er annars vegar hvort það sem lagt hefur verið í lögbundinn varasjóð umfram lágmarkskröfur og hins vegar hvort yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár séu frjálsir sjóðir.

Á árinu 2003 var ákvæðum laganna um að yfirverð innborgaðs hlutafjár skyldi leggja í varasjóð breytt þannig að yfirverð skyldi eftir breytinguna fært á yfirverðsreikning. Löggjafinn setti hins vegar engar reglur um ráðstöfun yfirverðsreiknings samhliða lagasetningunni. Gera má ráð fyrir að tilgangurinn hafi verið að aðgreina yfirverð innborgaðs hlutafjár frá framlagi í varasjóð af hagnaði, enda er eðli yfirverðs allt annað en tillags í varasjóð af hagnaði. Eftir stendur hins vegar að texti laganna segir að nemi varasjóður meiru en ¼ hlutafjár sé heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutaféð eða, sé fyrir mæla laganna um lækkun hlutafjár gætt, til annarra þarfa. Undirritaður telur að hér geti verið um mistök við lagasetninguna að ræða, enda er lögbundinn varasjóður sjaldnast umfram ¼ hlutafjár eftir lagabreytinguna. Heimilt er að lækka hlutafé til jöfnunar á tapi, án birtingar áskorunar í Lögbirtingablaðinu. Ekki er óeðlilegt að sama heimild gildi um yfirverð innborgaðs hlutafjár.

Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki verður jafnað úr öðrum sjóðum. Hvaða aðrir sjóðir koma til álita? Þýðir þetta að jafna þurfi tap með lækkun innborgaðs hlutafjár, áður en gengið verður á lögbundinn varasjóð?

Niðurstaða undirritaðs er að hvorki sé frjálst að nýta yfirverðsreikning innborgaðs hlutafjár né lögbundinn varasjóð til kaupa á eigin hlutum, þessir sjóðir séu ekki frjálsir í þeim skilningi. Hinsvegar megi nýta þessa sjóði til jöfnunar á tapi. Sé þetta rétt niðurstaða virðist vera óheimilt að kaupa eigin hluti í einkahlutafélögum nema að því marki sem félagið á óráðstafað eigið fé, jafnvel þó til staðar sé innborgað hlutafé umfram lágmarks hlutafé, sbr. ákvæði laga um einkahlutafélög um að aðeins megi fjármagna kaup á eigin bréfum úr frjálsum sjóðum. Undanþága er hins vegar í lögum um hlutafélög, t.d. ef nota á eigin hluti til lækkunar í hlutafé. Það virðast því gilda strangari reglur um einkahlutafélög en hlutafélög.

Ástæða er til að hvetja löggjafann til að skýra ákvæði laganna um yfirverðsreikning og hvaða sjóðir teljist frjálsir.

Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 10. júlí 2014 bls. 12.